

**148. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 22. október 2019
og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ásgerður Þorleifsdóttir formaður og Inga María Guðmundsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sunna Einarsdóttir.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Útgáfa bókasafnsskírteina - 2019100038

Atvinnu- og menningarmálanefnd hefur verið fengið það verkefni að kanna hvort breyta skuli reglum um útgáfu bókaskírteina, bæði barna og fullorðinna.

Edda B. Kristmundsdóttir, bæjarbókavörður, mætti til fundarins og gerði grein fyrir því hvernig reglur væru varðandi útgáfu bókasafnsskírteina. Nefndin vísar verkefninu til næsta fundar.

Gestir

Edda B. Kristmundsdóttir, bæjarbókavörður - 15:00

2. Styrkir til menningarmála 2019 - 2018120007

Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir til menningarmála, vegna haustúthlutunar 2019.

Nefndin ákveður að styrkja eftirfarandi verkefni:

Tónleikar Gissurar Páls og Árna Heiðars kr. 50.000,-

Skóbúðin, Ritsmiðja í skapandi skrifum með Emmu Beynon og Jenny Valentine, kr. 250.000,-

Halldóra Jónasdóttir, Leiksýning/Söngvaseiður, kr. 250.000,-

Marsibil G. Kristjánsdóttir, listasýning, kr. 100.000,-

Heimabyggð, Hljóðhús á veturnóttum 2019, kr. 130.000,-

3. Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 - 2019100015

Bæjarráð vísar umsagnarbeiðni Sigríðar Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu, dags. 1. október, um drög að Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, til atvinnu- og menningarmálanefndar.

Atvinnu- og menningarmálanefnd gerir ekki athugasemd við framkomin drög að Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.

4. Tendrun jólaljósa í Ísafjarðarbæ - 2018110044

Lagt er fram minnisblað Tinnu Ólafsdóttur, upplýsingafulltrúa, dagsett 18. október

sl. þar sem fram koma tillögur um tendrun jólaljósá á jólatrjám Ísafjarðarbæjar.
Atvinnu- og menningarmálanefnd samþykkir eftirfarandi tillögur að dagsetningum tendrun ljósá á jólatrjám í Ísafjarðarbæ:

30. nóvember - Ísafjörður

1. desember - Flateyri

7. desember - Suðureyri

8. desember - Þingeyri

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:25

Ásgerður Þorleifsdóttir

Sunna Einarsdóttir

Þórdís Sif Sigurðardóttir